

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 587/1993, um bragðefni í matvælum.

1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Framkvæmdastjórn EB hefur með ákvörðun nr. 1999/217/EB frá 23. febrúar 1999, með breytingu nr. 2000/489/EB, birt lista yfir bragðefni, sem notuð eru í matvælum. Jafnframt hefur verið sett af stað áætlun í samræmi við reglugerðir nr. 2232/1996/EB og nr. 1565/2000/EB til að meta bragðefnin með tilliti til ýmissa þátta. Að matsferlinu loknu munu íslensk stjórnvöld birta lista yfir bragðefni sem heimil eru til notkunar í matvælum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 27. mars 2001.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Ingimar Sigurðsson.*